



Borgarráð

Breyting á rekstarfyrirkomulagi íþróttahúsa í eigu Reykjavíkurborgar

Lagt er til að borgarráð samþykki að endurskoða rekstarfyrirkomulag íþróttahúsa í eigu Reykjavíkurborgar og fela menningar- og íþróttasviði og skóla- og frístundasviði í samstarfi við fjármála- og áhættustýringarsvið að útfæra tillögur um framtíðarsýn, verkaskiptingu og gjaldskrá svo rekstur þeirra standi undir sér.

Greinargerð:

Íþróttahús í eigu Reykjavíkurborgar eru ýmist rekin af skóla- og frístundasviði (SFS), menningar- og íþróttasviði (MÍR) eða íþróttafélögum sem reka þau með styrk frá Reykjavíkurborg. Fyrir liggur að íþróttahúsin hafa ekki staðið undir sér í rekstri grunnskóla eftir kl. 16 þegar íþróttafélög og almenningur hefur aðgang að húsunum. Áætlaður rekstrarhalli SFS vegna þessa er um 56 m.kr. á ársgrundvelli. MÍR leigir aðstöðu í 17 íþróttahúsum sem SFS rekur. Í samræmi við samþykkt borgarstjórnar dags. 16. desember 2022 er mikilvægt að SFS og MÍR í samstarfi við ÍBR endurskoði rekstarfyrirkomulag íþróttahúsanna og fjármála- og áhættustýringarsvið verði til ráðgjafar. Tillögur að útfærslu á endurskoðuðu rekstarfyrirkomulagi verði lagðar fyrir borgarráð 4. desember 2023.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Minnisblað skóla- og frístundasviðs og menningar- og íþróttasviðs varðandi halla á rekstri íþróttahúsa í rekstri grunnskóla eftir kl. 16.00 þegar íþróttafélög og almenningur er með aðgang að húsunum, dags. 8. september 2023

8.september 2023

Minnisblað

Halli á rekstri íþróttahúsa í rekstri grunnskóla eftir kl 16:00 þegar að íþróttafélög og almenningur er með aðgang að húsunum.

Málsnúmer: SFS23090034

Unnið af SFS og MÍR í samráði við ÍBR

MÍR leigir aðstöðu í 17 íþróttahúsum sem SFS rekur

Íþróttahús í Reykjavík eru ýmist rekinn af SFS, MÍR eða íþróttafélögum sem reka þau með styrk frá Reykjavíkurborg. Þannig þurfa nokkrir skólar að leigja tíma í íþróttahúsum af MÍR og íþróttafélögum þar sem að þau hafa ekki aðgang að íþróttaaðstöðu. Þessi aðferð stuðlar af betri nýtingu á húsnæði borgarinnar og það hlýtur að vera markmið að nýta íþróttamannvirki sem best, þar sem að nú þegar eru kröfur um að byggja fleiri íþróttahús í borginni.

Umræður hafa verið um gjaldskrá á þessum húsum en gjaldskráin er ekki sú sama þegar að SFS rukkar MÍR og MÍR rukkar SFS og er skýringin á því að íþróttahúsin eru misstór og misjafnlega mönnuð. Stóru íþróttahúsumum má skipta upp í þrjá hluta og er verðskrá skipt upp til samræmis. Þá hefur það verið þannig að í íþróttahúsum skólanna hefur verið einn starfsmaður á vakt eftir klukkan 16:00 þegar að íþróttafélögin og almenningur eru í húsunum en í þeim íþróttahúsum sem SFS leigir af MÍR/íþróttafélögunum eru tveir starfsmenn.

Núverandi staða

Verðskrá:

Skólasalur = **4.816,3 kr. pr klukkustund**

Íþróttahús sem hægt er að skipa í 3 hluta = **12.427 kr** heilan sal **8.285 kr** 2/3 af sal **4.142 kr** 1/3 af sal

Íþróttahús sem hægt er að skipa í 2 hluta = **8.936 kr** heilan sal **4.468 kr**

SFS hefur bent á að halli hefur verið af rekstri íþróttahúsa grunnskóla um nokkurt skeið. Leigutekjur starfsstaða SFS af því að hafa opið eftir að hefðbundinni kennslu lýkur hafa ekki dugað til að greiða laun starfsmanna auk þess sem viðbótar stjórnunarálags fellur á skólastjórnendur vegna skipulags og því verkefni sem upp kemur þegar bregðast þarf við vegna veikinda hjá starfsmönnum. Áætlaður kostnaður SFS umfram tekjur vegna þessarar þjónustu er c.a. 56 milljónir króna á ársgrundvelli. Þessir fjármunir hafa verið teknir af fjárheimildum til reksturs skólanna og hafa því verið færðir úr lögbundinni starfsemi þeirra yfir í alls óskyldan rekstur.

Núverandi leigugjald til SFS er 4.816,3 kr. pr. tíma (virkur útleigu tími) en beinn kostnaður starfsstaða er um 7.500 krónur m.v. yfirvinnu taxta Sameykis eða Eflingar starfsmanna. Oft á tíðum nær starfsstaður ekki að manna gæsluna með hagkvæmasta starfsmanni og þarf þá að leita til t.d. kennaramenntaðs starfsfólks sem er mun dýrara. Ekki er þá tekið tillit til þess viðbótarkostnaðar sem hlýst af stjórnun og skipulagi starfsins sem er á hendi skólastjórnenda auk þess sem skólinn ber einn hallan af veikindum starfsmanna.

Þessi mönnun er alfarið í yfirvinnu. Yfirvinnutími Sameykisstarfsmanns þegar búið er að reikna með launatengdum gjöldum og meðal afleysingu er útlagður kostnaður skólans kr. 7.500. Hjá Réttarholtskóla eru þetta um 38 yfirvinnustundir á viku. Launakostnaður Réttarholtskóla á viku er kr. 285.000. Miðað við að starfsemi sé í 14 vikur á önn eru það kr. 3.990.000. Skólinn fékk greiddar kr. 2.047.523 á haustönn 2022. Launakostnaður (án veikindaálags og stjórnunar) einn og sér er því um 95% hærri en tekjurnar. Síðan þarf að gera ráð fyrir öðrum kostnaði s.s. vegna efniskostnaðar við þrif, orkukaup, skipulag og stjórnun og veikindahlutfalli starfsmanna.

Þegar nýja grunnskólalíkanið var smíðað var ekki gert ráð fyrir neinum fjárheimildum vegna kostnaðar við útleigu til MÍR heldur áttu leigutekjur frá MÍR að standa straum af þeim kostnaði. Þetta fyrirkomulag var ákveðið í samráði við FAS við gerð líkansins.

Fjárheimildir MÍR til að ráðstafa í skólasali er um 65 mkr í fjárhagsáætlun árið 2023. Gjaldið sem MÍR greiðir fyrir hvern tíma er 4.818,3. MÍR er því að leigja um 13.490 stundir af skólunum á ári m.v gjaldið.

Raunkostnaður pr. leigða stund m.v. yfirvinnu, veikindaálag og tíma við þrif eftir að leigðri stund lýkur er um 9.000 kr og alls eru leigðar um 13.400 stundir í íþróttahúsum skólanna. Þá er samanlagður raunkostnaður SFS um það bil 121 mkr. En fjárheimildir MÍR eru einungis 65 mkr því vantar 56 mkr inn í ramma til að MÍR geti leigt sama stundfjölda m.v. 9000 kr. pr. útleigða stund.

Tillaga að fjármögnun

1. Hækka gjaldskrá MÍR á almenningstíma sem myndi skila 13.600.000 kr.
2. Hækkun á gjaldskrár úr 4818,3 kr. í 9.000 kr. en áætlaður viðbótar kostnaður vegna þess er 42.400.000 kr.

Óskar ef eftir viðbótarfjárheimildum upp á 42.400.000 kr inn í fjárhagsramma MÍR. Þó að gatið sé 56.000.000 kr. þá koma til gjaldskráhækkunar sem munu skila um 13.400.000 kr.

Tillaga er að um að hækka verð á almenningstímum sem MÍR leigir í íþróttahúsum SFS.

Í hverri viku eru um 130 klst í íþróttahúsum skólanna leigðir fyrir almenningstíma á vor og haust önn. alls eru þetta um 3.380 tímar. Lagt er til að hækka þessa tíma um 50% það myndi jafngilda meðal hækkun upp á um 4.000 kr á tímann myndu tekjur aukast um **13,6** mkr við þessa hækkun. Við þessa hækkun má gera ráð fyrir að útleigðum tímum fækki. Við það myndi MÍR hætta að leigja þá tíma frá SFS sem á móti myndi stytta opnunartíma húsanna.

Einnig er lagt til að aðeins verði eitt verð sem lækki ekki eftir kl 22:00 vegna þess að kostnaður er sá sami.

Verðskrá ÍBR á skólasölum		Eftir kl:22:00
Stórt hús	9.120 kr/kl	8.220 kr/kl
Meðalstórt Hús	8.100 kr/kl	7.200 kr/kl
Lítið hús	6.480 kr/kl	

Hækkun á gjaldskrá um 50% (tillaga)

Stórt hús	13.680 kr/kl
Meðalstórt Hús	12.150 kr/kl
Lítið hús	9.720 kr/kl

Mögulegar útfærslur á útleigu

Rætt hefur verið um þann möguleika á að koma upp öðru fyrirkomulagi á rekstri húsanna eftir kl 16:00 á daginn, sem myndi leiða af sér lægri kostnað t.d. með því að vera með húsinu mannlauk á tímabilinu 16:00 – 22:00

Hugmyndin væri að setja inn myndavélakerfi og aðgangsstýringar á hurðar í öllum húsunum. Þá væri ÍBR með einn starfsmann á milli 16:00 og 22:00 og myndi vera með eftirlit með öllum íþróttahúsunum (sem eru 17 í dag). Ef eitthvað kæmi upp á þá væri starfsmaður til staðar. Þessu til viðbótar væru myndavélakerfi í íþróttahúsunum sem starfsmaðurinn hefði aðgang að til aukins eftirlits.

Fyrirkomulagið væri þá þannig að aðili sem leigir salinn skrifar upp á ábyrgðarskjal þar sem hann tekur ábyrgð á viðkomandi hópi og á mögulegum skemmdum sem gætu orðið á húsnæðinu. Auk þess samþykktir hann að það verði virkt myndavélaeftirlit í húsunum sem mun vera í gangi meðan á útleigu stendur.

Þessi útfærsla myndi lækka kostnað fyrir skólanna og ÍBR/MÍR. Reikna má með þó nokkrum kostnaði við uppsetningu á aðgangs- og myndavélakerfum en ef vandað er til verks þá ættu kerfin að endast í nokkur ár. Einnig verða áskoranir í einhverjum skólum þar sem opið er á milli skóla og íþróttahúss og spurning hvort réttlæt看legt er að leggja í þá fjárfestingu að stúka af íþróttahús og skólabyggingu.

Tryggja þarf að slökkt sé á myndavélunum þegar að skólastarf er í gangi.

Útfæra þarf þrif á íþróttahúsum áður en skólaleikfimi hefst. Ekki liggur fyrir hver kostnaður er við slík þrif sem færi fram áður en SFS tekur aftur við íþróttahúsi fyrir skólaleikfimi að morgni skóladags.

Andrés B. Andreasen, fjármálastjóri Menningar og íþróttasviðs

Frans Páll Sigurðsson, fjármálastjóri Skóla- og frístundasviðs